98 22. ágúst

inu verður torf ekki talið sæmilegt kirkjuefni nú á tímum — nægilega stór og rúmgóð, hæfilega björt og þjett og fyrirkomulagið ekki afkáralegt. Uppfylli kirkjubyggingin eigi þessi skilyrði eptir áliti prófasts og biskups, er biskupinum rjett og skylt að láta höfða mál gegn kirkjueiganda til þess að fá hann dæmdan til að gjöra kirkjuna svo úr garði, að sæmilegt sje.

99 30. ágúst

Brjef stjórnarráðsins *til stiptsyfirvaldanna* **um viðaukaembættislán.** — Með brjefi, dagsettu 15. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, herra biskup, sent hingað erindi frá sjera Kjartani prófasti Einarssyni í Holti, þarsem hann, sökum þess að íbúðarhús það á prestssetrinu Holti, sem hann hefir byggt fyrir embættislán, sbr. landshöfðingjabrjef 30. apríl og 9. júní f. á., hafi orðið miklu dýrara en hann hefði getað hugsað sjer, og áætlað hafi verið, sækir um 1000 kr. viðaukaembættislán með sömu kjörum og eldra lánið. Húsið er nú uppkomið og metið á 6500 kr. og talið sterkt og vel vandað. Hafið þjer lagt það til að hið umbeðna væri veitt, þó svo að umrætt viðbótarlán færi eigi fram úr 600 kr.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir beiðandanum, að stjórnarráðið fellst á framangreinda tillögu yðar.

100 22. sept.

Viðauki

við reglur um hrákaílát og gólfræstingu til varnar gegn berklaveiki frá 21. júní 1904.

Á þeim stöðum, þar sem heilbrigðisnefndir ekki eru til, skulu hreppsnefndir framkvæma þau störf, sem í 1. gr. reglna 21. júní 1904 um hrákaílát og gólfræstingu til varnar gegn berklaveiki eru falin heilbrigðisnefndum.

Eptir þessu eiga hlutaðeigendur að hegða sjer.

Í stjórnarráði Íslands 22. september 1904.

Í fjarveru ráðherrans

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon